

8 til yfir, og er honum þá heimilt að fresta að senda lögreglustjóra beiðni um útmælingu þangað til ríkissjóður hefir látið gera slíkan uppdrátt af námusvæðinu eða uppdrátturinn er fenginn á annan hátt.

Áður ár er liðið frá því er uppdrátturinn var gerður samkvæmt 1. málsg. og allir eiga kost á að fá hann, skal sá, er málmgraftarbrjef hefir, hafa beiðst útmælingarinnar, að viðlögðum missi finnanda-rjettarins. Þegar slíkur uppdráttur er fyrir hendi, er lögreglustjóra heimilt að láta af hendi útmælingarbrjef eftir uppdrættinum, án þess að fara á staðinn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 31. maí 1927.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

9

31. maí.

L Ö G

um

uppkvaðningu dóma og úrskurða.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Kveða skal hinn reglulegi hjeraðsdómari upp dóma, bæði í einkamálum og opinberum málum, í skrifstofu sinni eða í þinghúsi heimilisþinghár sinnar, enda þótt utan þinghár sje, þar sem mál var flutt.

2. gr.

9

Nú skal setudómari kveða upp dóm í máli, sbr. 1. gr., og skal 31. maí hann þá segja dóm upp í kaupstað þeim eða kauptúni, þar sem hann á heima, eða á heimili sínu, þótt það sje utan þinghár eða lögsagnar-umdæmis, þar sem með málið var farið.

3. gr.

Ef kveða skal upp úrskurð í dómsmáli, sbr. 1. gr., þá skal svo með fara sem í 1. og 2. gr. segir.

4. gr.

Ávalt er dómara skylt að veita aðiljum vitneskju um uppsögn dóms eða úrskurðar, þegar er þess er kostur, ef uppkvaðning fer fram utan þinghár eða lögsagnarumdæmis, þar sem mál er eða var flutt eða dómsathöfn skyldi fram fara.

5. gr.

Nú á dómari samtímis öðrum störfum að gegna á þeim stað, er mál var eða er flutt eða dómsathöfn skyldi fram fara, eða hann á þar leið um, og ber honum þá að kveða þar upp dóm sinn eða úrskurð. Sama er og, ef aðili krefst þess, að þar verði dómur eða úrskurður upp kveðinn, en bera skal aðili þá allan þann kostnað, sem af kröfu hans leiðir, hver sem málsúrslit verða og hvort sem hann hefir haft gjaf-sókn eða gjafvörn, að einhverju leyti eða öllu, eða ekki.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1927.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfríhöll, 31. maí 1927.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.